



## Áherslur í Fræðslustefnu Vatnajökulspjóðgarðs

Eitt af meginhlutverkum Vatnajökulspjóðgarðs er að miðla þekkingu um hlutverk sitt og starfsemi til samfélagsins sbr. Lög um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007. Markmið þjóðgarðsins er að móta jákvætt og skapandi umhverfi með virkri fræðslu fyrir starfsfólk, gesti og nærsamfélag. Veita skal fræðslu um náttúru, náttúruvernd, sögu, mannlíf og menningarminjar og einnig skal stuðla að rannsóknum til að efla þekkingu á þessum þáttum.

Vatnajökulspjóðgarður hefur það ábyrgðarhlutverk að vernda stór svæði í náttúru Íslands og að taka á móti gestum. Fræðsluáætlun Vatnajökulspjóðgarðs byggir á fræðslustefnu sem þjóðgarðurinn hefur sett sér. Þjóðgarðurinn er ávallt í stöðugu samtali við nærsamfélag, fyrirtæki og gesti og hefur líka lagalegar skyldur sem ríkisstofnun. Ytra starf fræðslu þarf því að tryggja að boðleiðir upplýsinga séu sterkar og að þær nái til margra hópa. Gæði ytra starfs endurspeglast af innra starfi því er ánægð og hæft starfsfólk grunnurinn að farsælli upplýsingamiðlun. Aðferðir skulu vera í stöðugri þróun og starfsfólk þarf að temja sér nýsköpun í starfi og sækja sér endurmenntun. Í nútíma samfélagi er flæði upplýsinga mikið, miðlar margir en hins vegar gæði og trúverðugleiki af skörnum skammti. Ábyrgð þjóðgarðsins gagnvart náttúrunni og loftslagsbreytingum er mikil og því er lykilatriði að gæði og fagmennska sé í allri miðlun og að hún sé aðgengileg.

Eins og kemur fram í mannauðsstefnu Vatnajökulspjóðgarðs liggur krafturinn á bak við þjóðgarðinn ekki eingöngu í einstakri náttúru hans heldur einnig í kröftugu og ánægðu starfsfólki. Leitast er við að hafa í störfum hæft og vel menntað starfsfólk með reynslu og getu til að sinna starfi sínu af fagmennsku. Starfsmönnum skal gert kleift að auka stöðugt við færni sína og þekkingu og þróast þannig í starfi en tryggja um leið vöxt og þroska Vatnajökulspjóðgarðs. Einnig er vonast til að með því sé stuðlað að meiri ánægju í starfi og vinnustaðurinn laði til sín gott starfsfólk.

## Markmið Fræðslustefnu – ytra starf

### Markmið með ytri fræðslustefnu er að:

- stuðla að náttúruvernd í verki og sjálfbærri ferðamennsku
- bjóða gesti velkomna og leiða til ánægjulegra upplifunar
- auka þekkingu, skilning og virðingu gesta á náttúru og sögu þjóðgarðsins
- nýta aðferðir náttúrutúlkunar í fræðslu
- styrkja grundvöll friðlýsingar garðsins með því að upplýsa um stefnu, ákvarðanir, hlutverk og verndargildi
- stuðla að öryggi gesta með samstarfi og upplýsingamiðlun
- stuðla að góðum tengslum nærsamfélags og þjóðgarðs

### Virkt samtal og samráð við nærsamfélag, skóla, gesti, þjóðina, stofnanir og fyrirtæki:

- Að þjóðgarðurinn taki þátt í og sé til fyrirmyndar í náttúruverndmálum nærsamfélags eins og t.d. sorpflokkun
- Sterk tenging við nærsamfélag með t.d. fundum, sérstakri upplýsingagjöf og viðburðum
- Að gefa börnum og unglíngum tækifæri að upplifa og fræðast um þjóðgarðinn
- Að til sjá til þess að ofantaldir hópar eigi greiða leið að samtali við þjóðgarðinn og geti tekið þátt í mótun fræðslu
- Að ferðafólk geti nálgast allar helstu upplýsingar og reglur áður en lagt er af stað og að þjónustuaðilar geti kynnst sér stjórnun og vernd í þjóðgarðinum.

- Að þjóðgarðurinn miðli upplýsingum tímanlega og ítarlega um fyrirætlanir sínar og stjórnsýslu. Einnig leggi hann fram upplýsingar um náttúrufar, sögu og menningu sem nýtast við vörubrún og þjónustu hagaðila í takt við atvinnustefnu.

## Markmið Fræðslustefnu – innra starf

### Markmið með innri fræðslustefnu er:

- Að starfsmenn hljóti þá þjálfun og fræðslu sem þeir þurfa á að halda við upphaf starfs
- Að viðhalda og auka stöðugt við þekkingu og færni starfsmanna og styðja með því við starfsþróun þeirra
- Að þekkingu sé miðlað á milli starfsmanna og starfstöðva með formlegum og óformlegum hætti

### Hlutverk starfsmanns felst m.a. í því að:

- Greina eigin fræðsluþarfir
- Fylgjast með framboði fræðsluatburða og leita eftir því að fá að sækja fræðsluatburði sem svara þörfum þjóðgarðsins
- Vinna starfsþróunaráætlun, í samvinnu við næsta yfirmann, þar sem fram koma markmið í starfsþróun og fræðslu. Starfsmannasamtöl eru tilvalinn vettvangur til þessa

### Yfirmanni ber að hvetja og styðja starfsmenn til starfsþróunar og fræðslu með því að:

- Fylgjast með fræðsluþörfum starfsmanna
- Veita góða endurgjöf um frammistöðu starfsmanna
- Hvetja starfsmenn til að læra og þróast í sínu starfi og setja sér viðeigandi markmið
- Hvetja starfsmenn til að sækja sér þá fræðslu sem þeir þurfa á að halda
- Skapa svigrúm fyrir starfsmenn til að sækja fræðslu og miðla þekkingu sín á milli
- Nýta starfsmannasamtöl til að ræða og gera áætlanir um starfsþróun og fræðslu

### Unnið er að markmiðum innri fræðslu með formlegum og óformlegum hætti. Leiðir til að vinna að markmiðunum geta verið:

- Fóstrakerfi fyrir nýráðna starfsmenn
- Formleg námskeið og fræðsluatburðir
- Handbækur og verklagsreglur
- Fundir, fundargerðir, skráning þekkingar
- Leiðbeiningar, aðstoð við úrvinnslu verkefna og miðlun þekkingar í gegnum samvinnu

## Aðferðir við fræðslu og miðlun

### Að fræðsla og upplýsingamiðlun sé aðgengileg og lifandi:

- Einföld, skýr og markviss upplýsingagjöf
- Nýta fjölbreytta miðla og aðferðir
- Aðlaga að áhuga og þörfum mismunandi hópa
- Fagleg og vönduð vinnubrögð
- Leitast við að nota umhverfisvænar og viðeigandi leiðir svo sem rafræna miðlun
- Leitast er við að nýta þekkingu annarra stofnanna til að miðla upplýsingum til hagsbóta til gesta og samfélags umhverfis þjóðgarðinn.

## Endurskoðun

Fræðslustefna er samþykkt af stjórnendum og skal endurskoðuð að lágmarki á þriggja ára fresti.

# Aðgerðaáætlun fyrir Fræðslustefnu

## Áherslur í Fræðslustefnu Vatnajökulspjódgarðs

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Að birta og koma á framfæri fræðslustefnu þjóðgarðsins til starfsfólks og samfélagsins á innri og ytri vef VJP	Framkvæmdastjóri Fræðslufulltrúi Mannauðsstjóri Þjóðgarðsverðir	Mars

## Markmið Fræðslustefnu – ytra starf

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Að halda árlega fræðslufundi með starfsmönnum til að kynna hvað felst í fræðslustefnu og fræðsluáætlun Vatnajökulspjódgarðs.	Fræðslufulltrúi Mannauðsstjóri Þjóðgarðsverðir	Mars
Að framkvæma árlega gæðamat á fræðslu í garðinum reglulega og koma með tillögur um úrbætur.	Fræðslufulltrúi	Janúar
Að yfirfara árlega Fræðsluáætlun og gera áætlun um fræðsluþemu og framkvæmd náttúrutúlkunar m.t.t. markmiða í fræðslustefnu.	Fræðslufulltrúi Mannauðsstjóri Þjóðgarðsverðir	Janúar
Að setja fram árlega áherslur og mælanlega markmið árlega og kynna niðurstöður.	Framkvæmdastjóri Fræðslufulltrúi Mannauðsstjóri Þjóðgarðsverðir	Febrúar
Að setja árlega fram kafla í verk- og rekstraráætlun sem forgangsraðar fræðsluverkefnum innan garðsins. Gera þolmarkmat á umferð ferðafólks.	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Fræðslufulltrúi Þjóðgarðsverðir	September
Að þróa fræðsluefni og/eða námskeið fyrir þjónustuaðila og starfsfólks um innra starf þjóðgarðsins (einkum öryggi- og umhverfismál) og hvernig samstarfi við þjónustuaðila sé háttáð. Ásamt því að þjálfar starfsmenn VJP í að fræða þjónustuaðila í takt við atvinnustefnu.	Fræðslufulltrúi Mannauðsstjóri Þjóðgarðsverðir	Apríl 2020

## Markmið Fræðslustefnu – innra starf

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Að yfirfara Fræðslustefnu árlega og framfylgja fræðsluáætlun VJP	Fræðslufulltrúi Mannauðsstjóri Sérfræðingur á skrifstofu	Febrúar
Að framkvæma árlega gæðamat á fræðslu í garðinum og koma með tillögur um úrbætur.	Mannauðsstjóri	Janúar
Að skilgreina árlega þörf á þjálfun og fræðslu fyrir nýliða. Gera áætlun í samræmi við það.	Mannauðsstjóri	Febrúar
Að gera árlega starfsþróunaráætlun í kjölfar starfsmannasamtala. Framfylgja starfsþróunaráætlun.	Framkvæmdastjóri Mannauðsstjóri Þjóðgarðsverðir Allir starfsmenn	September
Að setja fram áherslur og mælanlega markmið árlega og kynna niðurstöður að ári.	Framkvæmdastjóri Mannauðsstjóri Fræðslufulltrúi	Janúar
Að útbúa árlega ferli og framkvæmd fyrir starfsmenn til að miðla þekkingu sín á milli.	Mannauðsstjóri Fræðslufulltrúi	Febrúar

## Aðferðir við fræðslu og miðlun

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Að yfirfara árlega hvort tekið sé mið af fjölbreyttum aðferðum við að fræðslu og miðlun.	Fræðslufulltrúi Mannauðsstjóri	Janúar

## Endurskoðun stefnunnar

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Fræðslustefnan er endurskoðuð að minnsta kosti á þriggja ára fresti eða oftár ef þörf krefur.	Framkvæmdastjóri Fræðslufulltrúi Mannauðsstjóri	Mars 2021
Fræðsluáætlun verði endurskoðuð.	Framkvæmdastjóri Fræðslufulltrúi	Febrúar 2022